# Austurborg

# 2023 – 2024




**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ... 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ... 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 ... 5

3 Innra mat elstu deildar, Kattholts ... 14

4 Innra mat Ólátagarðs ... 16

5 Innra mat Bangsalands ... 19

6 Innra mat sérkennslu ... 24

5 Innra mat – fjöltyngd börn ... 26

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ... 28

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 28

8 Foreldrasamvinna ... 29

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 29

10 Fylgigögn ... 30

**10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal** ... 30

**10.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs** ... 31

## Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans er vil – get - kann Við höfum trú á að öll börn vilji, geti og kunni ef þau fá tækifæri til að gera hlutina sjálf/eða með stuðning kennara. Kennarar hafa þessi leiðarljós alltaf í huga við nám og leik barnanna.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hefur gengið mjög vel og við höfum verið blessunarlega laus við Covid takmarkanir og vonandi þurfum við aldrei aftur að virkja þær. Við horfum á þá reynslu í baksýnisspeglinum og leggjum hana inn í reynslubankann. Vonandi þurfum við aldrei aftur að nýta það sem við lærðum í faraldrinum.

Þetta skólaárið var einn starfsmaður í leikskólakennaranámi og einn í meistaranámi í stjórnun menntastofnanna. Einnig var einn starfsmaður í leikskólaliðanámi. Það urðu nokkrar starfsmannabreytingar eins og gengur en við vorum heppin að ná nokkurn vegin að fylla upp í þær stöður sem okkur vantaði í. Tveir af þeim sem hurfu til annarra starfa voru deildarstjórar sem voru nýlega búnir að ljúka námi. Annar fór sem aðstoðarleikskólastjóri og hinn sem leikskólastjóri. Það er gaman að hafa svona metnaðarfullt fólk í vinnu þótt við þurfum að sjá á eftir þeim í önnur störf. Langtímaveikindi hafa verið hjá einum starfsmanni allt skólaárið og í nóvember varð annar starfsmaður að fara í langtímaveikindi.
Það kom sér því oft vel að hafa nokkra tímastarfsmenn hjá okkur sem öll voru vön og hafa verið hjá okkur lengi, sem sumarstarfsmenn til að leysa af þegar fasta starfsfólkið fer í sumarleyfi, um jól og páska. Það er mjög dýrmætt að ná að halda í svona reynslumikið og duglegt fólk sem vill vinna hjá okkur með sínu háskólanámi, það bjargar okkur mjög oft þegar verður mannekla. Það kom fyrir í vetur að mannekla var meiri en við vildum en við vorum heppin að hafa tímastarfsmennina og því kom ekki til þess að við þyrftum að senda börn heim vegna þess.

Mjög mikil sérkennsla var í skólanum þetta skólaárið og hefur hún ekki verið svona mikil áður. Sjö starfsmenn sinntu sérkennslunni og mátti það ekki minna vera.

Við erum með 36 stunda vinnuviku hjá okkur, við höfum þurft að aðlaga hana svolítið stundum en yfirleitt gengur þetta vel. Flestir sem eru í KÍ safna upp sinni styttingu og taka hana út í kringum sumarfrí, í dymbilvikunni og um jólin.

Foreldrafundir voru haldnir í haust og aftur í vor. Okkur leið mjög vel eftir viðtölin því við fengum mjög jákvæð viðbrögð og umsagnir frá foreldrum. Það fyllir okkur stolti og þakklæti.

Starfsdagar voru fimm og hálfur þetta skólaárið. Það kom til af því að við fórum í námsferð síðasta vor og tókum þá hálfan starfsdag af þessu skólaári því það stóð þannig á flugi út. Við nýttum starfsdagana á fjölbreyttan hátt. Við fengum til okkar nokkra fyrirlesara, Valborg Hlín Gunnlaugsdóttir fagstjóri Norðurmiðstöðvar kom til okkar og fræddi okkur um hlutverk miðstöðvarinnar. Einnig kom Lilja Ýr Halldórsdóttir hegðunarráðgjafi með góða fræðslu til okkar. Við fengum einnig Hörpu Oddbjörnsdóttur sálfræðing og sérhæfðan rannsakanda með fyrirlestur um kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn börnum á leikskólaaldri. Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir kom til okkar með fyrirlestur um tónlist með börnum. Hrafnhildur Konný Hákonardóttir leikskólastjóri kynnti Reggio stefnuna fyrir

starfsfólki og um leið var það upprifjun fyrir eldra starfsfólk en Austurborg byggir starf sitt á þessari stefnu. Guðrún Kristinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri kynnti Íslenska málhjóðamælinn fyrir starfsfólki, hvernig sú skimun fer fram, hvað ávinnst með þeirri skimun og hvernig hægt er að vinna með niðurstöðurnar. Jónína Vala Kristinsdóttir kom einnig með fyrirlestur um stærðfræði í umhverfi barna.

Í desember voru elstu börnin með helgileik að venju. Æfingar gengu vel og síðan sýndu þau helgileikinn fyrir næstum fullu húsi í Grensáskirkju. Það var góð tilbreyting frá því á síðasta skólaári en þá voru samkomutakmarkanir þegar helgileikurinn var sýndur svo hann fór fram í salnum í skólanum okkar og var streymt til foreldra. Sem betur fer er sá tími liðinn.

Í maí fengum við heimsóknir frá tveimur leikskólum. Stjórnendateymi Leikskóla Snæfellsbæjar komu til okkar 5. maí og 30. maí komu allir starfsmenn leikskólans Heklukots á Hellu. Það er gaman að fá svona heimsóknir og fá tækifæri til að kynna starfið okkar og skólann.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni og fór þar hæst starf elstu barna skólans. Þau æfðu lög með Röggu Gísla en þau lög voru þema hátíðarinnar. Þau unnu meira með verkefnið og hvert barn bjó til hljómplötu úr kartoni, klipptu hana til og skreyttu. Plöturnar voru hengdar upp á vegg á elstu deildinni sem var merktur „Rögguveggur“. Þau klipptu einnig út og bjuggu til stóra mynd af Röggu Gísla sem skreytti þennan vegg líka. Hápunkturinn var þegar þau komu fram í Hörpu við setningu hátíðarinnar þann 18. maí ásamt öllum öðrum leikskólum borgarinnar og allur hópurinn söng lögin sem þau höfðu æft af kappi ásamt því sem þau fengu tækifæri til að hitta Röggu sjálfa. Foreldrum var boðið á þennan viðburð og var vel mætt.
Á síðasta skólaári fengum við styrk til að vera með brekkusöng á Barnamenningarhátíðinni. Það tókst svo vel að foreldrar voru mikið að spyrja um hvort þetta yrði ekki endurtekið. Við sóttum ekki um styrk að þessu sinni ef á sumarhátíðinni okkar þann 1. júní þá enduðum við hátíðina á brekkusöng í blíðskaparveðri við mikla ánægju barna og fullorðinna.

Í vor kom upp mygla á einni deildinni hjá okkur. Strax var hafist handa í að taka sýni og finna rót vandans. Sem betur fer kom fljótt í ljós að vandinn var staðbundinn sem afleiðing af leku röri inni í stokki. Svæðið og umhverfið nánd við það var mygluhreinsað og svo var stofan sem myglan var í plöstuð og einangruð frá hinum hlutum deildarinnar. Það þurfti ekki að færa börnin annað en þar sem þau misstu þessa stofu tímabundið þá fengu þau salinn fyrir sig. Foreldrar voru skilningsríkir og þetta gekk vel. Þegar búið var að laga og hreinsa allt svæðið þar sem lekinn og hafði verið var smíðaður nýr stokkur og öll stofan hreinsuð og máluð. Við vorum heppin og allt gekk þetta vel og frekar hratt fyrir sig. Við reyndum að halda foreldrum vel upplýstum um stöðu mála.

Starfsmannafélagið er virkt og mannauðurinn styrkist við það. Félagið sér um að halda reglulega viðburði í skólanum og starfsmenn mæta vel. Þar má nefna barsvar (Pub Quiz), jólagleði, farið í lazer tag og grillveislur. Einnig eru hópar að hittast reglulega til að spila og fleira. Þetta hefur virkilega góð áhrif á starfsmannahópinn, eykur samheldni og vinátta myndast. Þegar hópurinn er félagslega samheldinn þá myndast gleði og traust innan hans sem skilar sér í starfi með börnunum.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat var metið bæði reglulega á deildarstjórafundum, deildarfundum og á starfsdögum. Einnig var hluti þess metinn með starfsmannaviðtölum sem haldin eru einu sinni á ári. Það var gerð rafræn könnun á meðal foreldra um þeirra upplifun á leikskólastarfinu. Hún kom í heildina vel út en það voru þó nokkrir veikleikar sem við skoðum og þurfum að bæta.

### Innra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt í matinu? | Helstu niðurstöður mats |
|---|---|---|---|
| **Menntastefnan** | Samtöl á deildarstjórafundum og deildarfundum | Allir starfsmenn leikskólans | Það hefur tekist ágætlega að vinna með helstu þætti Menntastefnunnar. Styrkleikar okkar felast mikið í góðum starfsmannahópi.<br><br>Það er þó alltaf tækifæri til umbóta og það er mikilvægt að starfsfólk þekki Menntastefnuna og fái tækifæri til að kynna sér hana. Einnig að starfsfólk fái stuðning og styrk til að undirbúnings. |
| **Líðan í starfi** | Starfsmannaviðtöl | Starfsmenn | Starfsmönnum líður almennt mjög vel í vinnunni. Þeim finnst þeir fá tækifæri til að nýta styrkleika sína í starfi.<br><br>Mikið er lagt upp úr að hrista starfsmannahópinn saman og það hefur reynst mjög vel. Hópurinn er fjölbreyttur dreifður aldur, mismunandi persónur og kyn.<br><br>Samheldinn hópur sem er duglegur að hittast líka fyrir utan vinnu og gera skemmtilega hluti saman. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Það er mikill styrkur að hafa samheldinn starfsmannahóp og einnig er gott að hafa hann svona fjölbreyttan.<br><br>Við leggjum áherslu áfram á að reyna að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. |
| **Barnamenning** | Í daglegu starfi, formleg og óformleg samtöl.<br><br>Einnig var metið hvernig gekk eftir hátíðina. | Starfsmenn, börn og foreldrar | Við tókum þátt í Barnamenningahátíðinni eins og áður. Börnin fengu reglulegar stundir þar sem þau æfðu þau sönglög sem tilheyrðu hátíðinni og áfram unnið með þemað í hópastarfi og samverustundum. Úr varð stórt og skemmtilegt verkefni þar sem lokapunkturinn var á Barnamenningahátíðinni sjálfri í Hörpu.<br><br>Starfsmenn, börn og foreldrar hafa verið mjög ánægðir og stoltir af börnunum í þessu verkefni.<br><br>Þessu verkefni fylgir mikil vinna og það er mikilvægt að það náist að gefa rými fyrir undirbúning, æfingar og þá vinnu sem fylgir þessu skemmtilega verkefni. |
| **Mannauður** | Samtöl í stjórnendateymi | Stjórnendur | Mannauður leikskólans er fjölbreyttur og dýrmætur. Ólíkir einstaklingar sem mismunandi styrkleika.<br><br>Það hefur gefist okkur vel.<br><br>Við erum með leikskólakennara, starfsmenn með aðra háskólamenntun, starfsmenn með iðngreinapróf, tónlistarpróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | og starfsmenn með mismunandi þekkingu og reynslu af lífinu.<br><br>Það er styrkleiki fólginn í svona fjölbreyttum hópi og mikilvægt að fagaðilar fái tækifæri til að miðla til þeirra sem hafa ekki fagmenntun og þannig eru þeir styrktir í starfi með börnum og geta nýtt sitt nám og reynslu enn betur. |

## Ytra mat

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu?** | **Helstu niðurstöður mats** |
|---|---|---|---|
| **Barnið og starfið** | Rafræn könnun | Foreldrar | Allir hlutar matsins er snéru að barninu og starfinu komu mjög vel út. Við ætlum okkur að halda áfram á þessari leið svo við getum viðhaldið þessum niðurstöðum. |
| **Foreldrar og starfið** | Rafræn könnun | Foreldrar | Í þessum þætti voru nokkrir veikleikar sem við ætlum að einbeita okkur í að bæta. Styrkleikar voru að foreldrar telja sig frá greinargóð svör við spurningum þeirra um leikskólastarfið og að ábendingum þeirra sé vel tekið.<br><br>Veikleikarnir fólust í upplýsingaflæði til foreldra, um að leita til foreldra eftir tillögum og hugmyndum, að foreldrar taki þátt í að meta framfarir barnsins og fengið ráð um uppeldi. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Þetta eru hlutir sem við tökum til okkar, bæði styrkleikana og veikleikana. |
| **Stjórnun og stefna leikskólans** | Rafræn könnun | Foreldrar | Þessi þáttur kom almennt mjög vel út. Foreldrar virðast vera sáttir við þessa þætti, einu veikleikarnir voru að ekki allir eru upplýstir um stefnu skólans og hvort unnið sé markvisst eftir henni. |
| **Upplifun af leikskólanum** | Rafræn könnun | Foreldrar | Þessi þáttur kom mjög vel út og gott að sjá að öll upplifun foreldra af leikskólanum er góð. Þau telja að börnum þeirra líði vel og séu örugg. Þau finna fyrir jákvæðum starfsanda, fá gott viðmót starfsfólks, finnst notalegt andrúmsloft, þau séu upplýst um starfið og geti mælt með leikskólanum við aðra foreldra. |



Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið




Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum




**Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024**

Starfsmannahandbókin var yfirfarin og er hún uppfærð núna. Hún er vistuð á netinu þar sem allir starfsmenn geta lesið hana. Einnig þarf að prenta hana út og hafa sýnilega á öllum deildum. Á næsta skólaári ætlum við að  leggja ríka áherslu á að allt nýtt starfsfólk lesi hana þegar þau hefja störf. Það gerist of oft að þegar nýtt starfsfólk kemur þá er mannekla og þá eiga svona atriði til með að gleymast.

Foreldrahandbókin var yfirfarin en hún var ekki prentuð út. Við höfum afhent hana á haustfundi nýrra foreldra en það er mikilvægt að foreldrar komist í hana rafrænt eða eigi hana á því formi. Nú stefnum við á að senda hana í tölvupósti til foreldra um leið og þau fá aðlögunaráætlun senda áður en barnið byrjar í leikskólanum. Það eru margar mikilvægar og góðar upplýsingar þar fyrir foreldra og því þurfum við að gera það sem við getum til að hafa hana mjög aðgengilega.

Foreldrafundir eru komnir í rétt horf aftur. Það er dýrmætt að geta haldið þessa fundi. Það er stefnt að því að bjóða upp á námskeið á foreldrafundum. Það hefur verið gert og reynist vel. Mikilvægt að ná að halda sambandi og samstarfi við foreldra. Þá er einnig gott að geta boðið upp á fræðslu fyrir foreldra sem viðkemur börnum um leið og fjallað er um hagnýt atriði sem gott er að vita sem foreldri leikskólabarns. Það er einnig mikilvægt að foreldrar þekki áherslur leikskólastarfsins og starfið á deildunum.

Starfsmannavelta var svolítil á síðasta ári og okkur gekk ágætlega að ráða inn fólk í stað þess sem fór. Nýtt starfsfólk hefur svolítið þurft að stökkva út í djúpu laugina þegar það hefur störf því það á sér alltaf stað þegar álagið er mikið og mikil vöntun á fólki. Við höfum sett okkur það markmið að gera allt sem við getum til að hafa tíma til að koma fólki enn betur inn í starfið þannig að það verði ekki eins mikið álag á nýtt starfsfólk strax í byrjun. Við eigum von á svipaðri starfsmannaveltu þetta árið og því gefst strax tækifæri á að bæta þetta. Verkefnastjóri þessa skólaárs kemur til með að taka að sér nýtt starfsfólk og leiða það inn í starfið.

Starfsdagarnir verða nýttir til skipulags starfsins, auk þess sem við ætlum að fá inn mikilvæga faglega fyrirlestra og námskeið. Einnig að kynna Menntastefnuna fyrir nýju fólki og passa að þau hafi greiðan aðgang að þeim kynningum.  Á starfsdögum verði skemmtinefndinni gefið rými til að kynna sig, segja frá hverju þau stefni að og að þau fái tækifæri ef það passar að taka við dagskrá eftir að starfsdegi lýkur þegar það hentar. Hefð hefur verið fyrir að skemmtinefndin taki við eftir fyrsta starfsdag haustsins og sé með hópefli og fleira skemmtilegt til að hrista saman starfsmannahóp skólaársins.

| Umbótaþáttur/ matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun** | | | | | | | |
| **Foreldrahandbók** | Senda rafræna útgáfu til foreldra um leið og barn þeirra hefur aðlögun | Setja inn í vinnuskjalið um aðlögun nýrra barna að þessa bók skuli senda með. | Aðstoðar- leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Spyrja foreldra hvort þessi aðferð henti betur en að afhenda bækling | Að foreldrar verði betur upplýstir og geti alltaf nálgast upplýsingarnar þar sem þær eru í rafrænu formi og týnast þá síður. |
| **Starfsmanna- handbók** | Að allir starfsmenn hafi aðgang og hafi tækifæri til að nálgast handbókina | Prenta út eintök af handbókinni og hafa inni á hverri deild og á kaffistofu starfsmanna. Einnig hafa hana á rafrænu formi á sameiginlegu svæði í tölvunum. | Aðstoðar- leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Með því að tala við nýtt starfsfólk eftir mánuð í starfi. | Að starfsmenn verði öruggari í starfi og að þeir eigi auðveldara með að nálgast þær hagnýtu upplýsingar sem þeir mögulega hafa ekki fengið á annan hátt. |
| **Starfsmanna- fundir** | Hafa áhugaverða fræðslu og námskeið á starfsmannafundum. | Vera dugleg að finna fjölbreytt námskeið og fyrirlestra sem nýtast í starfi. | Leikskólastjóri/ Aðstoðar- leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Eftir starfsmannafundina verði starfsmenn spurðir um hvernig þeim fannst þeir og hvort þeir telji að námskeiðið/ fyrirlesturinn muni nýtast þeim í starfi. | Að starfsfólk hafi tækifæri til endurmenntunar sem svo styrkir þá í starfi og eykur vellíðan og öryggi. |
| **Uppeldis- og menntastarf** | | | | | | | |
| **Stefna skólans** | Kynna stefnu skólans á starfsmannafundum og þegar nýtt starfsfólk byrjar | Búa til handbók um stefnu skólans þar sem hún er útskýrð og kynnt. | Aðstoðar leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Metið með því að eiga faglegt samtal við starfsfólkið um stefnu og áherslur skólans. | Árangur mælist með því að hafa starfsfólk sem þekkir vel stefnu skólans og |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | áherslur sem skilar sér í meira þekkingu starfsfólks og skilningi á starfinu. |
| **Menntastefnan** | Kynna Menntastefnuna betur fyrir starfsfólki | Hafa upplýsingar um Menntastefnuna aðgengilegar fyrir allt starfsfólk og hvetja það til að kynna sér efni hennar. | Aðstoðar-leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Metið með viðtölum við starfsfólk. | Starfsfólk eflist í starfi ef það þekkir Menntastefnu Reykjavíkurborgar og þar með öryggi í starfi. |
| **Innra mat** | | | | | | | |
| **Mannauður og skólabragur** | Hvetja skemmtinefndina um að halda áfram að vera öflug og lifandi nefnd. | Að stjórnendur séu hvetjandi og að þeir láti skemmtinefndina finna fyrir að þau séu mjög mikilvægur hluti mannauðsstefnu skólans. | Leikskólastjóri/ Aðstoðar-leikskólastjóri | Haust 23 | Vor 24 | Metið með því að horfa á samheldni starfsfólks, þátttöku í viðburðum og daglegum samskiptum þeirra á milli. | Samheldni starfsfólks, góður skólabragur, góð samskipti, virðing, traust, gleði og jákvæðni er mun meiri þar sem starfsfólk hefur góð samskipti sín á milli og gerir skemmtilega hluti saman. Það skilar sér svo til barnanna og foreldra þeirra. |

# 3 Innra mat elstu deildar, Kattholts

Kattholt er elsta deildin á Austurborg. Þennan vetur voru 27 börn á deildinni og allur barnahópurinn var fæddur 2017, voru þau því öll í skólahóp.

Við lögðum út með að hafa fastar LAL (Leikur að læra) stundir í salnum einu sinni í viku. Við skiptum hópnum upp eftir getu. Verkefnastjóri tók að sér að skipuleggja þessar stundir og starfmaður deildarinnar var verkefnastjóra innan handar. Eftir áramót urðu breytingar á deildinni og nýr deildastjóri tók þá við LAL. Unnið var m.a. út frá niðurstöðum barnahópsins úr HLJÓM-2 sem lagt var fyrir í haustbyrjun. Við lögðum mikla áherslu á hljóðkerfisvitundaræfingar í bland við íslensku og stærðfræði (stafrófið, byrjendalæsi, tölur og form). Niðurstöður úr seinni fyrirlögn á HLJÓM-2 eftir áramót sýndu fram á miklar framfarir í þeim þáttum sem prófað var úr hjá öllum barnahópnum, sérstaklega hjá þeim sem skoruðu lágt í byrjun hausts. Við erum mjög ánægð með hvernig LAL gekk í vetur og stefnum á að halda áfram á sömu fyrir næsta haust.
Í vináttuverkefninu lögðum við upp með að vera með reglulegar vináttustundir, við nýttum Blæ bangsa aðallega í samverustundum og notuðumst við efnið úr Blæ (heftin og bækurnar) sem part af félagsfærnisæfingum inni á deild.
Það voru fastir tímar í hópastarfi í Lubbi finnur málbein einu sinni í viku, þar var unnið með verkefnabókina, hljóðastafina og lögin. Það gekk ótrúlega vel, og eftir áramót hófum við lestrarátak í samstarfi með foreldrum og gekk það vonum framar. Bæði börn og foreldrar sýndu því verkefni mikinn áhuga.
Í hreyfingu, dansi og jóga var lagt út með að að hafa stepp og jógatíma í salnum reglulega einu sinni í viku. Það byrjaði mjög vel en datt tímabundið niður vegna óvæntra aðstæðna. Í staðinn vorum við þá með skipulagða leikja-og hreyfistundir og dansfjör í salnum. Steppkennsla hófst svo að nýju með vorinu og gekk mjög vel. Einnig vorum við með íþróttatíma alla þriðjudaga lengst af vetri í samstarfi við þjálfara frá Knattspyrnufélagi Víkings og Hvassaleitisskóla. Við nýttum íþróttasal skólans og voru börnin alltaf ótrúlega spennt yfir þeim tímum.
Útikennslan fór vel af stað í haust, við náðum að samþætta hana með náttúrufræði og umhverfislæsi, umhverfisvernd og stærðfræði. Þegar veður og loftgæði buðu ekki til útiveru tókum við útikennsluna inn. Við unnum verkefni tengd fuglalífi Íslands, gerðum tilraunir á laufblöðum og athuganir á skordýrum, sóttum óperusýningu um dýrin, fórum á sýningu Náttúruminjasafnsins um vatnið, gróðursettum myntu og paprikufræ, fræddumst um endurvinnslu og fórum út að plokka og margt fleira.
Samstarfið við Hvassaleitisskóla gekk mjög vel, skipulagið gekk eftir og var mikill vilji báðum megin í að gera vel. Fórum í tíðar heimsóknir í grunnskólann og frístundaheimilið, í skólastofur og

verkgreinatíma og tókum þátt í tónleikjahaldi með öllum árgöngum Hvassaleitisskóla, auk vorsýningar þeirra. Frábært verkefni í alla staði og mikil ánægja hjá öllum viðkomandi, kennurum, nemendum og foreldrum þeirra.
Það var einnig unnið með menningartengda viðburði og helst má nefna bæði hina árlegu uppsetningu á helgileiknum kringum jólahátíðina, eins og hefð er fyrir í leikskólanum, og þátttaka í Barnamenningarhátíðinni. Hvort tveggja var gífurlega vel heppnað og sáum við mikinn mun á börnum í framkomu þeirra, sjálfsöryggi og málfari eftir þessa viðburði.

Skipulag á deildarstarfi í vetur gekk mjög vel fyrir sig, haldnir voru deildarfundir tvisvar í mánuði allan vetur þar sem starfsfólk fór yfir stöðu barnanna og verkefni fram undan og unnum að því í sameiningu að skipuleggja okkur og samstilla, skiptast á hugmyndum og fara yfir hvað gekk vel og hvað mætti bæta. Mikil samstaða hefur einkennt starfsmannahópinn á deildinni í ár og erum við öll ánægð og stolt með hvernig hefur tekist til með barnahópinn þennan vetur.

| **Umbótaþáttur/ matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Vináttu-verkefni Barnaheilla** | Að hafa vináttu-verkefnið sýnilegra og markvissara. | Hafa fastar stundir þar sem unnið er með Blæ bangsa og verkefni honum tengdum a.m.k. tvisvar í viku, sem partur af hópastarfinu | Deildarstjóri ber ábyrgð, starfsmaður fram-kvæmir | Haust | vor | Ætlum að safna gögnum með því að nota skráningar. | Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng. |
| **Barnalýðræði og Barn** | Að gefa hverju barni fyrir sig aukið tækifæri til að | Auka umsvif Barns vikunnar og gefa því barni | Deildarstjóri og starfmenn deildarinnar | Haust | Vor | Auknar skráningar, ljósmyndir | Að öll börn á deildinni upplifi að þeirra |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **vikunnar verkefnið** | hafa áhrif á starfið á deildinni | hverju sinni aukna ábyrgð, fjölbreyttari verkefni og meiri tækifæri til að segja frá sér og láta sín áhugamál ráða í hópastarfinu. | | | | | skoðanir og áhugamál skipti máli og það sé hlustað á þau þegar kemur að skipulagi verkefna deildarinnar. |
| **Leikur að læra** | Að dreifa ábyrgðinni og sjá til þess að allt starfsfólk deildarinnar búi yfir getu til að skipuleggja, setja upp og leiða kennslu í LAL fyrir barnahópinn | Gefa öllu starfsfólki tíma í sínum undirbúningi til að kynna sér LAL. | Deildarstjóri sér til þess að starfsfólk á deildinni hafi þessa kunnáttu. | Sept. | Des. | Senda fólk á námskeið um LAL eða gefa þeim fræðslu í formi fyrirlesturs, lesefnis og handleiðslu annarra reyndari starfsmanna á leikskólanum þegar kemur að LAL. | Allt starfsfólk deildarinnar geti af öryggi undirbúið og kennt hópi barna. Að allt starfsfólk skipti kennslu LAL á milli sín, svo að LAL sé kennt markvisst, alltaf. |

# 4 Innra mat Ólátagarðs

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg. Veturinn 2022-2023 voru 26 börn fædd árið 2018 á Ólátagarði. Megin áhersla á starfi deildarinnar voru námsþættir Aðalnámskrá Reykjavíkurborgar sem eru læsi, lýðræði, hreyfing, jafnfrétti, mannréttindi og verk- og listnám. Haldið var áfram með þessa námsþætti eftir seinasta skólaár sem virkaði vel.

Leikur að læra var einu sinni í viku á mánudögum þar sem börnum var skipt í 6-7 manna hópa. Þá var lögð áhersla á bókstafi og orð sem byrja á þeim bókstaf hverju sinni. Þar með var lögð áhersla á lesskilning og þekkingu bókstafa. Þrátt fyrir góðan árangur í LAL mætti aftur á móti betur fara samræmi á milli deilda um hvað sé verið að læra hverju sinni og þá væri hægt að viðhalda áframhaldandi námi þegar börnin flytja sig yfir á næstu deild. Ásamt því var erfitt að hafa LAL einu

sinni í viku og því gott að hafa Leikur að læra tvisvar í viku t.d. á mánudögum og föstudögum, helst ekki tvo daga í röð.

Lubbi finnur málbein hófst eftir áramót á móti vináttuverkefninu sem var fyrir áramót. Starfið gekk út á hljóðmyndun stafa, klappa atkvæði, lesið var stutta sögu og síðan þurftu krakkarnir að finna stafinn í sögunni. Starfið gekk mjög vel. Best var að hafa fjögur börn í hverjum hóp til að fanga betur athygli hvers og eins barns. Unnið var í Lubba einu sinni í viku. Mikilvægt var að börnin nutu sín og að mati kennara voru sögurnar við hæfi miðað við aldur.

Vináttuverkefnið var fyrir áramót á móti Lubbi finnur málbein verkefninu. Vináttuverkefnið kenndi börnunum samskipti við jafnaldra og læsi á umhverfið, sýna kærleika og tillitsemi. Notast var við stóru myndaspjöldin með Blæ bangsa og rætt var um hvað væri að gerast á spjaldinu. Tröllalagið var spilað hverju sinni en verkefnið var einu sinni í viku.

Listsköpun fór ágætlega fram og var áhersla lögð á að klippa og líma. Listasmiðja notuð í hverri viku og gerð voru margs konar verkefni. Börnin lærðu flókna söngtexta og fjölbreytt lög sem gekk mjög vel. Þrátt fyrir velgengni listsköpunar þá hefði mátt gefa börnunum lengri tíma í sköpunina sína og leyfa þeim að njóta betur. Jafnframt mætti hafa fjölbreytileika í efnivið í fyrirrúmi.

Vísindastundir byrjuðu eftir áramót en áhersla var lögð á vísindi og hvernig efnislegir hlutir virka. Ásamt því var lögð áhersla á skynfæri með því að snerta mismunandi áferðir á hlutum og áttu börnin að útskýra hvað þau væru að snerta án þess að sjá. Í heildina gekk allt vel, börnin fóru eftir fyrirmælum og æft var í rökhugsun og útskýringum. Vísindi voru um einu sinni til tvisvar í viku. Jafnframt var lögð áhersla á stærðfræði og byrjað var að spila spil. Börnin voru 6-8 í hóp.

| **Umbótaþáttur/ matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig og hvenær metið/aðferðir?** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Samræmi milli deilda í Leikur að læra** | Að hver deild viti námið frá öðrum deildum til að hafa bæði samræmi og áframhaldandi nám þegar börn færa sig upp um deild. | Funda í byrjun vetrar og ákveða þemun, áherslu á námi og hver stefna Leikur að læra er þennan vetur. | Einn starfsmaður af hverri deild sem sér um Leikur að læra | Sept | Apríl | Með fundum, einu sinni fyrir áramót og einu sinni í lok vetrar og meta árangur | Funda í lok vetrar og meta árangur á samstarfi milli deilda |
| **Lubbi finnur málbein** | Komast yfir alla bókstafina, hljóðmyndun þess | Byrja starfið í byrjun vetrar og hafa markvisst yfir | Starfsmaður deildar sem sér um verkefnið | Sept | Apríl | Reglulegir deildafundir þar | Stefna að ná helming bókstafina |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | og atkvæða-talningu | allan veturinn, einu sinni í viku | | | | sem farið er yfir stöðuna | fyrir áramót og klára eftir áramót |
| **Vináttuverkefnið** | Dreifa tímabil vináttuverkefnisins til að forðast stöðugar endurtekningar | Hafa aðra hverja viku og dreifa betur yfir veturinn | Starfsmenn á deild | Sept | Apríl | Reglulegir deildafundir til að meta árangur | Stefnt að ná helming spjalda fyrir áramót og síðan klára mynda-spjöldin eftir áramót |
| **Starfsmenn gefa börnum tíma í listsköpun** | Starfsmenn gefa börnum lengri tíma í listsköpun sína og leyfa þeim að njóta betur að skapa | Byrja fyrr á deginum í verkefnum og skipuleggja daganna þannig að nógur tími fari í sköpun og færibandsvinna myndast ekki | Starfsfólk deildar og deildarstjóri | Ágúst | Júní | Tekið upp á reglulegum deildarfundum og hvort starfsmenn séu að fylgja þessu markvisst | Að börnin njóti sín betur og hægt að sjá það í gegnum listaverkin þeirra. |
| **Fjölbreytileiki í efnivið í listsköpun** | Starfsmenn séu markvisst með fjölbreyttan efnivið við verkefni sín í listsköpun | Skoða hvað er í boði í listasmiðju og nota ímyndunaraflið. Fá hjálp frá öðrum starfsmönnum sem eru með reynslu í slíkum verkefnum | Starfsmenn deildar og deildarstjóri | Ágúst | Júní | Skráningar og hengja verkefnin upp inn á deild til sýnis öðrum | Stefnt er að börnin upplifa fjölbreyti-leikann í efniviði og hafa vitneskju um hvað margt er í boði |
| **Betra skipulag í tengsl við vísindin** | Hafa vísindi markvissara og skipulagðra | Hafa tvo starfsmenn í verkefni ásamt því að hafa færri börn í hverjum hóp | Deildarstjóri og starfsmenn á deild | Sept | Apríl | Reglulegir deildafundir um stöðu mála og hvort skipulagið virki | Stefnt er að minnka álag á hvern starfsmann og að hvert barn nýtir sín betur við verkefni |

# 5 Innra mat Bangsalands

Aðaláherslur Bangsalands hafa verið að kenna börnunum að vera hluti af hóp, að vera vinur og þetta sé vinaleikskóli. Áhersla hefur einnig verið að gera krakkana að virkum þátttakendum inn á deild og sjálfstæðum einstaklingum. Börnin eru flest öll orðin mjög dugleg að klæða sig sjálf og þau taka þátt í að taka saman á deildinni og setja hlutina á sinn stað. Öll börn eru byrjuð að setjast og pissa í klósettið og er deildin því orðin bleyjulaus.

Hópastarf hefur að mestu snúist í kringum Leikur að Læra, útikennslu, íþróttir og listasmiðju. Öll þessi verkefni nema útikennsla hafa skipt um umsjónarmann um miðjan vetur og myndaðist því gat í mismikinn (þó aldrei langan) tíma.

Íþróttirnar hafa aðallega snúist um hreyfingu og að ögra þori og efla grunn að hreyfifærni barnanna með mismunandi þrautabrautum sem innihéldu jafnvægisæfingar, ýmis stökk og svo æfingar sem reyndu á samhæfingu hugar og handar.

Leikur að læra kom fljótt inn aftur eftir starfsmannabreytingu og hefur verið fast einu sinni í viku að staðaldri. Það mætti mögulega hafa LAL tvisvar í viku á næsta ári en þó hefur gengið vel og framfarir vel merkjanlegar hjá börnunum.

Útikennslan snérist um að skynja nærumhverfið, fylgjast með árstíðarbreytingum og svo voru gróðursett paprikutré svo eitthvað sé nefnt.

Listasmiðjan hélt sínu striki að mestu alla þriðjudaga. Þar var unnið með klippa, líma, litun, litablöndun og ýmis konar föndur.

Reynt var að virkja „Gefðu 10" inná deild en það hefði mátt betur fara. Deildastjóri hefði mátt setja skýrar niður í verklýsingu dagsins hver ætti að sjá um það hverju sinni.

| **Umbótaþáttur/ matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig og hvenær metið/aðferðir?** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Leikur að læra** | Einn tími á viku inn á deild | Halda betur utan um og hafa skýrari þráð í gegnum starfið | Deildar-starfsmaður | Hefst í september | Endar í lok maí | Færniviðmið ákvörðuð út frá getu | Að börnin nái færniviðmiðum |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Listasmiðja** | Einn tími á viku í lista-smiðju | Ein stund í viku inni í listasmiðju sem samræma mætti | Deildarstarfsmaður | Hefst í september | Endar í lok maí | Fylgjast með færni barna í listasmiðju | Að börnin séu farin að nota rétt blýantsgrip, kunni skæra-meðhöndlun og fleira |
| **Íþróttir** | Einn dagur í viku í salnum | Einn dagur í viku inni í íþróttasal leikskólans | Verkefnastjóri | Hefst í september | Endar í lok maí | Færnimat gert í upphafi og lok annar | Skráning á færnimati frá upphafi og í lok tímabils skoðuð til að sjá hvort færni hafi aukist |
| **Gefðu 10** | Leggja meiri áherslu á að gera þetta reglulegt og oftar | Setja skýrar í vaktaplan starfsmanna að sinna verkefninu | Starfsfólk á deild | Byrja strax eftir sumar | Viðhalda í starfinu sem lengst | Skráningablöð sem halda utan um fjölda skipta | Metið með samtali deildarstarfsmanna. Börn eiga að finna fyrir trausti, vellíðan og öryggi í leikskólanum. |

**Innra mat Putalands.**

Putaland er yngsta deildin á Putalandi. Þar eru börn fædd 2019, 2020 og 2021. Á Putalandi hefur áherslan verið lögð á að aðlögun verði sem best, foreldrar kynnist leikskólanum, starfinu og að börnunum líði vel. Í haust og vor er unnið með þema eins og íslensk húsdýr, farartæki, árstíðir og náttúruna. Með því að vinna út frá þema og áhuga barna gátum við tengt starfið við grunnþætti menntunnar eins og kemur fram í Aðalnámskrá leikskólans (2011). Við höfum haft aðalnámskrána til hliðsjónar við skipulag daglegs starfs inni á deildinni.

Á mánudögum var farið í listasmiðju eða farið í listsköpun úti. Hér var unnið að fjölbreyttum verkefnum tengd ákveðnu þema. Það vakti mikinn áhuga barnanna að vinna með dýrin og fuglana og var því unnið meira með það sem þau sóttu mest í. Á þriðjudögum fórum við í Leikur að læra. Börnin fóru í þrautabrautir og húsaleikinn og var þar unnið með þema, líkaman, stafi, tölustafi, liti, form og að klappa atkvæði. Í maí var haldið upp á seinustu Leikur

að læra stundina með veislu. Þau gerðu stóra þrautabraut í sal og völdu verkefni. Þau fengu verðlaunapening með sér heim til að sýna öllum hvað þau hafðu lært í Leikur að læra í ár.
Á miðvikudögum var hópastarf og hringekja. Börnin skiptust upp í hópa og rúlluðu á milli stöðva. Í hópastarfi var til dæmis spilað, skynörvunarverkefni gerð og unnið með vísindi. Vísindi þar sem börn rannsaka kalt og heitt, litablöndun, froðu o.fl. F
Á fimmtudögum var farið í gönguferðir og nærumhverfið skoðað, náttúran, hringrás náttúrunnar, litir og dýr. Við fórum við margar ferðir á bókasafnið til að hlusta á sögur og skoða bækur. Föstudagar voru frjálsir en þá voru einnig dans- og hreyfistundir.

Vináttuverkefnið var kynnt fyrir börnum í gegnum tónlist og lögin þeirra. Allir fengu Blæ Bangsa, hins vegar var ekki unnið mikið með bangsann Blæ. Það þarf að bæta úr því á næsta skólaári.

Samverustundir hafa verið fjölbreyttar. Á hverjum degi var sungið með og án hljóðfæra. Lögin sem voru sungin voru tengd þema mánaðarins. Sögustundir og loðtöflusögur voru einnig hafðar og þá vorum við í litlum hópum. Lubbi kom reglulega í heimsókn og vakti það alltaf jafn mikla gleði. Það var unnið markvisst með Lubba í samverustund og tekin nýr stafur í hverri viku, lagið var sungið og farið yfir stafina sem voru teknir fyrir áður. Í desember var Putaland tilbúið með sínar jólagjafir og áhersla var því lögð á rólegheit og að njóta stemmingarinnar fyrir jól. Við vorum einnig með jóladagatal.  Í dagatalinu voru spjöld með hreyfingu dagsins og Lubbi með staf dagsins. Dagatalið var opnað í samverstund. Um vorið var áherslan lögð á útiveru og náttúru og hringrás náttúrrunnar, mynstur og listaverk sýnt frá fleiri listamönnum.

| Umbótaþáttur/ matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leikur að læra** | Unnið markvisst með stafi barnanna, líkamsparta, liti, fjölda, form, dýr og þema deildinnar í gegnum þrautabrautir og húsaleikinn. | LAL var og verður áfram einu sinni í viku, alltaf. Áhersla á fyrrgreinda þætti er líka í öðru starfi og tengd saman. Byrjum með foreldraverkefni í haust á þriðjudögum. | Einn starfs-maður sá aðallega um LAL en deildar-stjórinn sér um það ef það er þörf til þess | Septem ber | Lok maí | Á deildar Fundum, ákveðin þemu rætt fyrir hvern mánuð fyrir sig. Þar var líka vinna fyrri mánaðar metin. | Mikill munur í upphafi vetrar og við lok vetrar. Þau voru viss með reglur og kunnu aðferðir nar. |
| **Hreyfing** | Ferðir á fimmtu-dögum þar sem farið er í gönguferðir. Einnig markviss hreyfing í gegnum LAL, íþróttastundir í salnum, dansstundir, labba í gönguferðir og útiveran. | Ferðir á fimmtudögum, útinám helst á hverjum degi, íþróttur og LAL á þriðjudögum. Dans á föstudögum | Allir á deild. | Septem ber | Maí | Matið fer fram jafn óðum á deildarfundum og á meðan verkefnin eru framkvæmd | Viðmiðið var að æfa með börnum að labba í ferðum og gekk það hjá flestum vel. Að börnin taki þátt og upplifi sig geta og fá hjálp við að ná árangri. |
| **Vináttu-verkefnið** | Kynnast Blæ, læra hvað er vinur, bíða í röð , vináttulög spiluð, sungið og dansað við þau. | Halda áfram að vinna með Blæ. Nota bókina fyrir yngstu börnin. | Deildarstjóri | Sept | Maí | Markmiðið er að vinna með bókinni og bangsann næsta vetur. | Að læra eiga góð samskipti og vera vinir, læra að leika saman. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Söngur og lestur bóka.** | Fjölbreyttar bækur aðgengilegar og í hæð barnanna. Söng (og hljóðfæra)- og sögustundir í samverustund. Sögustundir í litlum hópum einnig lóðtöflusögur. Barn vikunnar má koma með bók að heiman. Bókasafnsferðir. Lubbastundir með staf vikunnar. | Nota fjölbreyttar aðferðir í söng- og sögustundir, hafa samverustundir skipt í tvennt og kynnast mismunandi hljóðfærum. Sögustundir í litlum hópum jafnvel með bókum að heima. Lög mánaðarins tengd þema og staf vikunnar. Lubbi finnur málbeinn. | Allir á deild. | alltaf | allt af | Símat, er alltaf í skoðun og á deildarfundum Bókum er skipt út eftir getu barnanna. | Viðmið er að þau taki þátt, að það tengjast áhuga og getu barna svo þau fáu stundir sem gleðja flestir barna. |
| **Söngur og lestur bóka.** | Fjölbreyttar bækur aðgengilegar og í hæð barnanna. Söng (og hljóðfæra)- og sögustundir í samverustund. Sögustundir í litlum hópum einnig lóðtöflusögur. Barn vikunnar má koma með bók að heiman. Bókasafnsferðir. Lubbastundir með staf vikunnar. | Nota fjölbreyttar aðferðir í söng- og sögustundir, hafa samverustundir skipt í tvennt og kynnast mismunandi hljóðfærum. Sögustundir í litlum hópum jafnvel með bókum að heima. Lög mánaðarins tengd þema og staf vikunnar. Lubbi finnur málbeinn. | Allir á deild. | alltaf | allt af | Símat, er alltaf í skoðun og á deildarfundum Bókum er skipt út eftir getu barnanna. | Viðmið er að þau taki þátt, að það tengjast áhuga og getu barna svo þau fáu stundir sem gleðja flestir barna. |
| **Listasmiðja** | Listasmiðja einu sinni í viku, vinna með fjölbreytt efnivið og tengja við þema að hverju sinni. Það verður unnið markvisst | Börnum skipt upp í hópa og farið saman í listasmiðju einnig unnið inni á deildum og úti | Fleiri starfsmenn sjá um listsköpun á Putalandi | sep | Lok maí | Gekk mjög vel og mikið gert. Auk þess árstíðabun dina verkefni jól, | Að börnin kunni helstu litina. Kynna listasmiðju og mismunandi efnivið og fá að njóta og skapa sjálf |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | með liti og efniviðinn. Þau þurfa að upplifa, skynja og gera. | | | | | páskar, söngvakeppni, 17. Júní. | |
| **Vísindi** | Að vera meðvitund um að grípa tækifæri þegar þau gefast til dæmis heitt og kalt, litablöndun, vinna með snjó inni og úti , segull, froða, ljós og skuggi, ljósaborð | Fylgjast með leik barna, umhverfið og áhuga þeirra | Allir á deild | Allt árið | | Á deildarfundum og foreldraviðtöl | Að börnin fá að rannsaka og uppgötva og sjá orsök og afleiðing |
| **Stærðfræði** | Að vera meðvituð um stærðfræði í daglegu starfið og í leik barna. Koma augu á stærðfræði sem er alls staður í kringum okkar. Setja orð á það sem börn gera og víka út orðaforða þeirra | Telja, komast augu á form og mynstur. Stærðfræðileg hugtök og stærðfræði sem kemur fram í bókum. Leika með kubba, grjónakarið og vera vakandi fyrir leik þeirra og það sem gerist í umhverfinu úti og inni | Allir á deild | Allt árið | | Á deildarfundum og foreldraviðtöl | Að börnin taki þátt og kennarar eru meðvitund um umhverfið barna og ýta undir áhuga þeirra |

# 6 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Sérkennslan er skipulögð á einstaklingsmiðaðan hátt fyrir hvert og eitt barn. Menntun án aðgreiningar er ávallt höfð að leiðarljósi og börn fá sína kennslu að stærstum hluta í margbreytilegum aðstæðum á deild með misstórum hópi barna. Þjálfunar- og stuðningsþarfir barna eru jafnframt einstaklingsbundnar til að framfarir séu sem mestar. Samvinna er við foreldra og farið eftir ráðgjöf m.a. sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga og hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis og Heyrnar- og talmeinastöðvar svo og sérkennsluráðgjöf frá Greiningar- og ráðgjafarstöð |

| | |
|---|---|
| | ríkisins. Samvinna hefur verið vegna sjúkra- og iðjuþjálfunar barna og við næringarráðgjafa á LSH, lækni/hjúkrunarfræðing barns þegar talin er þörf á því að þeir komi að málum með fræðslu og ráðgjöf. Skráningar eru mismunandi eftir íhlutunum. Til að mynda eru skráningar í atferlisíhlutun mun umfangsmeiri en í annars konar íhlutun og kennslu. Skráningar t.d. í málörvun, Gefðu 10 og Gæðastund eru einfaldari í sniðum og skráð í aðgengilega lista t.a.m. hvort barn fékk tímann, hvað var gert, hvernig gekk og hvað tekið verður fyrir næst. Þessir listar eru ekki með nafni barns en í sumum tilfellum upphafsstaf þess til að þeir ruglist ekki saman. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | Aldursbundnar skimanir eru lagðar fyrir öll börn í leikskólanum (sérkennslustjóri, foreldri/foreldrar, deildarstjóri eftir því sem við á skv. fyrirmælum fyrirlagnar).<br>EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári.<br>HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem metur hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika, það er lagt fyrir öll börn á elstu deild.<br>Fyrir sum börn er einnig notað:<br>AEPS *(Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children)*<br>VB-MAPP *(Verbal Behavior Milestones Assessment and Placement Program)*<br>ABLLS-R *(Assessment of Basic Language and Learning Skills – Revised)*<br><br>*Íslenski málhljóðamælirinn*<br><br>Í einstaka tilfelli er notast við Íslenska þroskalistann sem er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Bækur, spil, við höfum notað kennsluforrit í iPad í auknum mæli eins og t.d. Lærum og leikum við hljópin, orðagull og fl., sérhæfð myndaspjöld til þjálfunar, lög, einstaklingsmiðað námsefni frá talmeinafræðingi, ýmis leikföng útfrá því hvaða markmið var verið að vinna með í þjálfun. Áhugaverða hluti innan leikskólans, á leikskólalóðinni og umhverfi s.s. í vettvangsferðum. Við höfum nýtt okkur námsefni „Lubbi finnur málbein“. |

## Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

| **Umbótaþáttur/ matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Aðgerðir til umbóta** | **Ábyrgð** | **Hefst** | **Lokið** | **Hvernig og hvenær metið/aðferðir?** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjónrænt skipulag** | Sjónrænt skipulag verði markvisst notað á öllum deildum með barnahópnum og auk þess eintaklingslega með þeim börnum sem þurfa. | Deildir og starfsfólk sérkennslu nýti sér þau verkfæri sem við höfum fengið í hendurnar eins og t.d. widget online. | Deildastjórar sérkennslustjóri og leikskólastjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Eftirfylgni | Huglægt mat stjórnenda |
| **Vinnu-aðstæður barna** | Leggja áherslu á góða vinnuaðstæður fyrir börn | Leggja áherslu á góða hljóðvist í öllum leikskólanum | Skólastjórnendur og allir starfsmenn leikskólans | Haust 2023 | Vor 2024 | Stjórnendur kynna sér viðmið um hljóðvist og hagnýt ráð til að draga úr hávaða | Mælingar og huglægt mat starfsfólks |
| **Teymisvinna** | Það hefur reynst vel að vinna í teymum innan sérkennslunnar. Við ætlum að efla enn frekar teymsivinnu í vetur. | Hafa áfram góða samvinnu í teymum og hafa reglulega teymisfundi | Sérkennslustjóri | Haust 2023 | Vor 2024 | Með reglulegum samtölum sérkennslustjóra og þeirra sem koma að málum | Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra upplýsingaflæði vegna starfsins |

# 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

| | |
|---|---|
| **Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?** | Fjármagni hefur verið varið í nýtt námsefni, ný spil og rúmt stöðugildi starfsmanns á deildum til að sinna málörvun. |
| **Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?**<br>**Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?** | Gefðu 10 er á deildum. Lögð er áhersla á grunnorðaforða. Orðaforðalisti Menntamálstofnunar með aldursviðmiðum er á deildum og hefur starfsfólk hann til hliðsjónar daglegu starfi. |
| **Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?**<br>**Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?** | Lagt er upp með að ræða sem mest við börnin og leggja orð á sem flest og ýmiss konar hóp- og verkefnavinna og samveru- og lesstundir nýttar í það einnig. Lögð er áhersla á grunnorðaforða og millilag orðaforða. |

| | |
|---|---|
| **Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?**<br>**Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?** | Aldursbundnar skimanir eru lagðar fyrir fjöltyngd börn eins og önnur börn. Ef áhyggjur vakna af hægum framförum er leitað til sérkennslu. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þau börn sem þess þurfa. |
| **Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.** | Hugað er að orðaforða og málskilningi og gætt að því að börnin fái tækifæri til að tjá sig sem mest í daglegu starfi. Lögð er rík áhersla á að setja orð á tilfinningar, líðan og félagslegan orðaforða. Gætt er að því að börnin fái næg tækifæri til tjáningar og samskipta. Tækifæri sem gefast til að vinna út frá styrkleikum og áhugamálum eru nýtt. |

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

| Umbótaþáttur/ matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Gefðu 10** | Að allt starfsfólk á deildum taki þátt í Gefðu 10 m.t.t. endurnýjunar í starfsmannahópnum. | Kynning og upprifjun á öllum á deildum að hausti á Gefðu 10 | Tengiliðir fjölmenningar og deildarstjórar | September 2023 | Maí 2024 | Skráningarblöð fyrir hverja viku og samtöl við starfsfólk | Starfsfólk er öruggt í notkun Gefðu 10 og það orðið samofið daglegu starfi. |
| **Hæfnira-mmar** | Að allt starfsfólk þekki hæfnirammana | Að kynna hæfniramma á öllum deildum | Tengiliðir fjölmenningar og deildarstjórar | Septem-ber 2023 | Októ-ber 2023 | Metið á reglubundnum deildarfundum sem tengiliður fjölmenningar mætir einnig á og fer yfir skráningar með starfsfólki. | Skráningar í rammana hafi verið gerðar og allir þekki til tilgangs þeirra. |
| **Menntastefna - Fjöltyngi** | Að allt starfsfólk sé meðvitað um | Kynning á deildum á því | | September 2023 | | Með samtölum tengiliða og | Starfsfólk nýti |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | fjölmenningar-starf leikskólans | efni sem má finna á menntastefnu.is og er gott að nota í starfinu. | Tengiliðir fjömenningar | | Október 2023 | starfmanna um gengi á notkun efnis í daglegu starfi | markvisst það efni sem er í boði. |

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarviðtöl eru tekin snemma að vori. Í ár tók leikskólastjóri viðtöl við stjórnendur en öðru starfsfólki var skipt niður á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Áætlun um símenntun er að allir starfsmenn komist á skyndihjálparnámskeið.  Einn starfsmaður er í grunnnámi í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi. Við höfum hvatt starfsfólk okkar til náms og höfum við lengi verið alltaf með einhverja í námi, mismunandi marga í einu. Leikskólastjóri verður vakandi fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til að fá inn í skólann á starfsdögum. Sérkennslan sendir sitt fólk á námskeið sem ráðast eftir þörfum þeirra barna sem eru í sérkennslu í skólanum þetta árið.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf á milli elsta árgangs Austurborgar og Hvassaleitisskóla þar sem eru reglulegar heimsóknir nemenda leikskólans yfir í Hvassaleitisskóla. Þetta samstarf gengur mjög vel og afar sjaldgæft er að það falli niður heimsókn í Hvassaleitisskóla.

# 8 Foreldrasamvinna

Foreldrafundir eru tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er með nýjum foreldrum áður en aðlögun þeirra barna hefst. Þá er farið yfir stefnu og áherslu leikskólans, dvalarsamningar eru afhentir og undirritaðir. Einnig er farið yfir ýmis hagnýt atriði og deildarnar kynntar lauslega. Einnig boðar hver deild (nema deildin með yngstu börnunum því þar eru foreldrar með börn í aðlögun) til morgunfundar að hausti til að kynna starfsfólk og starf deildarinnar. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Þá eru foreldrar boðaðir til viðtals við deildarstjóra þar sem foreldrar fá upplýsingar um hagi barnsins bæði í leik og starfi. Einnig veitir deildarstjóri þeim upplýsingar um starf deildarinnar.

Í Austurborg starfar foreldrafélag og foreldrar ganga sjálfkrafa í félagið þegar barnið byrjar í leikskólanum. Almennt er aðalfundur félagsins haldinn með haustfundi leikskólans, þar sem gjald vetrarins er m.a. ákveðið og starfsemin kynnt. Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Kosið er í félagið á hverju hausti og eru það c.a átta foreldrar ásamt aðstoðarleikskólastjóra sem sitja þá fundi sem félagið ákveður. Foreldrafélagið heldur 2-3 fundi á hvorri önn og eru fundirnir haldnir á kvöldin. Foreldafélagið styður vel við bakið á leikskólastarfinu og það hefur boðið uppá hoppukastala, Sirkus, andlitsmálningu, blöðrudýr og margt annað skemmtilegt þegar sumarhátíðin hefur verið haldin. Foreldrafélagið heldur einnig utan um Facebook síðu undir nafni leikskólans þar sem fer fram upplýsingaöflun og jákvæð skrif.
Foreldraráð er einnig starfandi í skólanum en í því ráði eru þrír foreldrar. Foreldraráðið fundar 2-3 sinnum á vetri með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir starf vetrarins og áherslubreytingar ef einhverjar eru.

# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á þessu skólaári verða skipulagsdagarnir sex. Þrír þeirra verða á sama tíma og skipulagsdagar verða í grunnskólanum. Skipulagsdagar næsta skólaárs eru eftirfarandi: 15. september, 24. nóvember sameiginlegur með grunnskólanum, 2. janúar sameiginlegur með grunnskólanum, 9. febrúar, 18. mars og 17. maí sem er sameiginlegur með grunnskólanum.  Strax í haust mun leikskólastjóri huga að námskeiðum og skipulagningu skiplagsdaga næsta vetrar.

# 10 Fylgigögn

## 10.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal



## 10.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

# Starfsáætlun 2023 – 2024
# Leikskólinn Austurborg

# Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Austurborgar hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Austurborgar fyrir árið 2023-2024 sem er vel sett upp, skýr og með metnaðarfull markmið sem ætlað er að skila árangri og veita ánægju meðal barna, foreldra sem og starfsmanna Austurborgar.

Heimsfaraldur vegna Covid-19 hafði blessunarlega ekki áhrif á starf leikskólans á liðnu skólaári, eins og þrjú árin þar á undan og skólastarf því laust við takmarkanir sem faraldrinum fylgdi.

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á skólaárinu og er ástæða til að þakka stjórnendum fyrir að leysa úr þeim málum farsællega. Upp kom grunur um myglu á deild í leikskólanum snemma í vor og stjórnendur brugðust hratt og vel við. Í góðri samvinnu með starfsfólki leikskólans þá tókst þeim vel til að þessi röskun hefði sem minnst áhrif á börnin.

Foreldrasamstarf hefur verið til fyrirmyndar og eru foreldraviðtölin stór partur af samskiptum við foreldra. Þar koma fram mikilvægar og einstaklingsbundar upplýsingar um stöðu og framfarir barnsins.

Starfsmannafélag Austurborgar er virkt og hefur það jákvæð áhrif á mannauðinn. Þrátt fyrir starfsmannabreytingar á árinu þá virðist ennþá ríkja góður starfsandi á Austurborg, þar sem jákvæðni og gleði einkennir metnaðarfullt skólastarf sem skilar sér til bæði barna og foreldra.

## Foreldraráð leikskólans skipa:

**Bylgja Rós Rúnarsdóttir**
**Íris Hrund Sigurðardóttir**
**Olav Veigar Davíðsson**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð Austurborgar hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Austurborgar fyrir árið 2023-2024 sem er vel sett upp, skýr og með metnaðarfull markmið sem ætlað er að skila árangri og veita ánægju meðal barna, foreldra sem og starfsmanna Austurborgar.

Heimsfaraldur vegna Covid-19 hafði blessunarlega ekki áhrif á starf leikskólans á liðnu skólaári, eins og þrjú árin þar á undan og skólastarf því laust við takmarkanir sem faraldrinum fylgdi.

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á skólaárinu og er ástæða til að þakka stjórnendum fyrir að leysa úr þeim málum farsællega. Upp kom grunur um myglu á deild í leikskólanum snemma í vor og stjórnendur brugðust hratt og vel við. Í góðri samvinnu með starfsfólki leikskólans þá tókst þeim vel til að þessi röskun hefði sem minnst áhrif á börnin.

Foreldrasamstarf hefur verið til fyrirmyndar og eru foreldraviðtölin stór partur af samskiptum við foreldra. Þar koma fram mikilvægar og einstaklingsbundir upplýsingar um stöðu og framfarir barnsins.

Starfsmannafélag Austurborgar er virkt og hefur það jákvæð áhrif á mannauðinn. Þrátt fyrir starfsmannabreytingar á árinu þá virðist ennþá ríkja góður starfsandi á Austurborg, þar sem jákvæðni og gleði einkennir metnaðarfullt skólastarf sem skilar sér til bæði barna og foreldra.

F. h. leikskólans Austurborgar

________________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST